

1863.

Íslenzku læknaefni á alþingi í heyranda hljóði og í viðurvist æðstu yfirvalda landsins. Spurningar og svör voru þegar í stað rituð í bók, er löggilt var til þess, og er hún enn til í skjalasafni landlæknisembættisins. Síðan var aðaleinkunn ákveðin, og rituðu þeir stiptamtmaðurinn, landlæknirinn og ýmsir aðrir embættismenn, er viðstaddir voru, nöfn sín undir það, er bókað hafði verið; eptirrit af bókinni var þar á eptir sent stjórninni. Þetta held eg væri hin einfaldasta og tryggilegasta aðferðin, einkum ef yfirheyrslan væri höfð töluvert umfangsmikil, og í hverri lærdómsgrein svo yfirgripsmikil, sem unnt væri; því þá gæti varla verið neinn efi á því, hvort lærisveinninn væri hæfur eður ekki til að standast prófið. En ef heldur yrði kosið að haga prófi þessu til á þann hátt, að kvaddir væru til þess prófdómendur, þá mundu hér eigi heldur verða nein vandræði úr því; þá þyrfti eigi annað en kveðja til prófsins einn eður tvo af hinum næstu héraðslæknum, lyfsalann hér í bænum og kennarana í dýrafræði, grasafræði og eðlisfræði við hinn lærða skóla.

28. maím. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um borgun handa nefnd þeirri, er samdi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.**

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis, er hingað kom með þegnlegu álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 28. septemberm. 1861, um að þeim þrem mönnum, er voru í nefnd þeirri, sem eptir ráðstöfun stjórnarráðsins árið 1855 var á hendur falið að semja frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir Ísland, verði veitt 200 ríkisdala þóknun hverjum fyrir starfa þenna, skorar dómsmálastjórnin á yður að kunngjöra alþingi því, er nú fer í hönd, að vorið 1862 hafi eptir tilhlutun stjórnarráðsins nefndarmönnum þessum verið ávísað 200 rdl. hverjum.